



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. desember 2017

### **Niðurstaða athugunar á fylgni tveggja fjárfestingarsjóða í rekstri Stefnis hf. við tiltekna fjárfestingarheimildir laga**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi Stefnis hf. með bréfi dagsettu hinn 13. febrúar 2017. Athugunin beindist að fylgni tveggja fjárfestingarsjóða í rekstri Stefnis hf. við 1. mgr. 59. gr., sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Í nefndum lagaákvæðum eru settar þær takmarkanir á eignasafn sjóðs að honum er hvorki heimilt að eignast meira en 10% af skuldaskjöllum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu, né meira en 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda. Athugunin miðaðist við eignasafn sjóðanna um síðastliðin áramót.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í september 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna um síðastliðin áramót.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að annar sjóðurinn átti umfram 25% af 5 útgáfum skuldabréfa sama útgefanda en slíkt er honum óheimilt samkvæmt 1. mgr. 59. gr. sbr. 2. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011. Tekið skal fram að um lágar fjárhæðir var að ræða, eða sem nemur undir 0,2% af eignum sjóðsins. Hinn sjóðurinn átti umfram 25% af hverri útgáfu hjá þremur útgefendum og átti meira en 10% af peningamarkaðsgerningum fjögurra útgefenda. Hvort tveggja er í andstöðu við 1. mgr. 59. gr., sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að þegar yrðu gerðar ráðstafanir til að koma umræddum fjárfestingum í lögmælt horf og skyldi lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða.